

Mál nr. 350/2009

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/ábyrgðartryggingar bónda (B)

Umferðaróhapp ekið á kálf á Ólafsfjarðarvegi í febrúar 2009

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 01.10. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 23.10. 2009.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 16.10. 2009 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðinni var ekið á lausan kálf.

Á vettvangi er lausafjarganga búfjár bönnuð.

Vátryggingafélag A vísar til þess að fyrir liggi að hópur nautgripa hafi komist út út hólfi. Ábúandi telji að hlið á hólfi hafi verið opnað að mannavöldum. Ábúandi hafi ekki getað skýrt hvort einhverjir utanaðkomandi hafi átt erindi á staðinn í aðdraganda tjónsatviks þess sem um er rætt, eins og æskilegt verður að telja. Félagið telur að fullnægjandi skýringar hafi ekki fengist á því að hliðið var opið. Þar sem lausaganga er bönnuð telur félagið að ábúandinn hafi ekki sýnt fram á að vörslur hans á nautpeningi hafi verið eins tryggar og gera má kröfu til.

Vátryggingafélag B greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í nefndu bréfi til nefndarinnar. Það telur að vörslur hafi verið fullnægjandi og með hliðsjón af dómi Hæstaréttar í máli nr. 105/1993 verði ábúandanum ekki metið til sakar að hlið hafi verið opið þar sem ekki sé ljóst hvers vegna svo var.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ábúandinn (B) ekki útskýrt með fullnægjandi hætti hvort einhverjir utanaðkomandi hafi átt erindi á bæinn í aðdraganda tjónsatviks máls þessa. Gert er ráð fyrir að umrætt hlið hafi verið skilið eftir opið og þannig hafi nautgripir komist út á þjóðveginn. Fullnægjandi skýringar hafa ekki fengist á því hvers vegna hliðið var opið og miðað við það virðast vörslur gripanna ekki hafa verið fullnægjandi.

Þar sem lausaganga er bönnuð tverður að gera þá kröfu til ábúenda/bænda að þeir sýni fram á að vörslur hafi verið fullnægjandi.

Með hliðsjón af framanrituðu hefur B ekki sýnt fram á að vörslur hafi verið fullnægjandi.

Umfjöllun vátryggingfélags B um tiltekinn dóm Hæstaréttar breytir ekki ofanrituðu.

Miðað við fyrirliggjandi gögn er ekki tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann A.

Niðurstaða.

B ber ábyrgð á umferðaróhappi þessu.

Reykjavík 10. nóvember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.